

GREINARGERÐ UM INNRA MAT

Innra mat grunnskóla

Stutt lýsing á skóla og vinnu við innra mat

Rimaskóli er heildstæður skóli með rúmlega 500 nemendur frá 1. - 10.bekk.

Í fagþróunarteymi sem heldur utan um innra mat sitja þrír stjórnendur, einn verkefnastjóri þrír stigstjórar og einn kennari af yngsta stigi. Auk þess starfa nokkur teymi í skólanum s.s. forvarnarteymi, teymi um Barnasáttmála, teymi Heillaspora, Gróskuteymi og Heilsueflandi teymi ef nefna á nokkur. Þau koma að verkefnum skólastarfs og að vinna að úrbótum.

Matsfundir eru haldnir að lágmarki tvisvar sinnum á önn og einnig með starfsmannahópi og/eða kennurum. Jafnframt er verið að innleiða Barnasáttmálann og koma á réttindaráði. Gert verður ráð fyrir að halda nemendapíng.

Innra mat byggir á gæðaviðmiðum Menntamálastofnunar, áherslum menntastefnu Reykjavíkur og leiðsagnarnámi. Gögn sem notuð eru í matinu eru m.a. viðhorfskannanir nemenda, foreldra og starfsfólks, niðurstöður námsmats (t.d. lesfimi, orðaforði), vettvangsathuganir í kennslustundum og daglegar skráningar. Matsáætlanir eru hluti af skólanámskrá og starfsáætlun.

Helstu niðurstöður innra mats

Innra mat skólaárið 2024–2025 leiddi í ljós að styrkleikar skólans liggja m.a. í gæðum kennslu, árangri náms og félagsfærni nemenda. Áherslupættir sem þarfnast umbóta eru m.a. skipulag náms, sjálfsefning og tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu.

Áætlun fyrir skólaárið 2025–2026 (sjá Rautt skjal) miðar að því að bæta námsvitund, efla ábyrgð og þátttöku nemenda, og styrkja leiðtogahæfni starfsfólks. Gagnaöflun fer fram með viðhorfskönnunum, námsmati og rýnihópum.

Styrkleikar og tækifæri

Styrkleikar:

- Gæði kennslu og faglegt samstarf
- Árangur í lestri og orðaforða
- Virk þátttaka í innra mati

- Sterk félagsfærni nemenda
- Fjölbreyttir kennsluhættir og sýnileg kennslufræðileg hæfni kennara (Blátt skjal: „Nám og kennsla“).
- Virk þátttaka nemenda í námi og góð liðan í frímínútum (Greinargerð: Skólapúls og ÍÆR).
- Aukið foreldrasamstarf og ánægja með stjórn skólans (Blátt skjal: „Skólasamfélag“).

Tækifæri til umbóta:

- Skipulag náms og námsvitund
- Sjálfsefning og heilbrigði
- Tengsl við foreldra og skólasamfélagið
- Leiðtogaþæfni starfsfólks
- Samræming námsmats og námsáætlana (Greinargerð og Blátt skjal: „Nám og kennsla“).
- Skýrari verkaskipting og ábyrgðarsvið (Blátt skjal: „Stjórnun og skipulag“).
- Aukin þátttaka starfsfólks í innra mati (Blátt skjal: „Innra mat“).
- Bætt upplýsingaflæði til foreldra og nemenda (Greinargerð og Blátt skjal: „Skólasamfélag“).